

Nd.

741. Breytingartillaga

[231. mál]

við frv. til l. um breyting á l. nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, sbr. l. nr. 33/1970.

Frá Pétri Sigurðssyni, Guðlaugi Gíslasyni, Birni Pálssyni, Sverri Hermannssyni, Bjarna Guðnasyni og Benedikt Gröndal.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

7. gr. laganna orðist svo:

Fiskveiðasjóður heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegsmál. Skal stjórn hans vera í höndum 7 manna, sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn eftir tilnefningum. Tilnefnir Seðlabanki Íslands einn fulltrúa í stjórnina, Landsbanki Íslands einn, Útvegsbanki Íslands einn, Landssamband ísl. útvegsmanna einn, Sjómannasamband Íslands einn, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda og Sjávarafurðadeild S. Í. S. einn sameiginlega og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands einn. Ráðherra skipar á sama hátt jafnmarga varamenn. Stjórnin kýs sér formann og varaformann. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lög- mætur, þarf meiri hluti stjórnarinnar að sitja hann, og ræður einfaldur meiri hluti fundarins ákvörðun stjórnarinnar.